

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 13. desember 2023 breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Breytingin tekur til skilmála deiliskipulagsins og felur í sér að:

- Leyfilegt verður skv. skipulagi að reisa 15 m² smáhýsi á öllum sérbýlis-, tvíbýlis- og raðhúsalóðum að uppfylltum ákveðnum skilmálum.
- Breyting er varðar kjallara fjölbýlishúsa þar sem geymslur neðanjarðar mega vera samtengdar bílakjallara og mega þ.a.l. vera utan byggingarreits.
- Skilgreint hámarksbyggingarmagn telur aðeins brúttófermetra A-rýma.
- Að almennt skal miðað við að hverri íbúð í þriggja hæða fjölbýlishúsum og hærri fylgi eitt bílastæði í bílgeymslu en þar er ekki kvöð um að hverri íbúð fylgi bílastæði í bílgeymslu.
- Breyting sem felur í sér að skilmálar um blágrænar ofanvatnslausnir gildi einnig um sérbýlishluta hverfisins.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 6. febrúar 2024,

Einar Sigþórsson verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 21. febrúar 2024